

## Fundargerð 178 fundar stjórnar VM

Haldinn fimmtudaginn 19. október kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Símon Guðvarður Jónsson og Kristmundur Skarphéðinsson

Fjarfundur: Sigurður Jóhann Erlingsson, Svanur Gunnsteinsson og Valbjörn Jón Höskuldsson

Fjarverandi: Pétur Freyr Jónsson, Tinna Magnúsdóttir og Agnar Ólason

Dagskrá :

### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 177

Fundargerð samþykkt og undirrituð

### 2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Ég sagði ykkur frá því síðast að byrjað væri að funda með SA og vorum við þá búin að funda þrisvar. Nú hafa bæst þrjú skipti við og enn er verið að tala um vaktavinnu og uppmælingu. Þolinmæði okkar er á þrotum, erum alltaf að tala við fólk sem er sent með mjög takmarkað umboð og má ekkert ræða nema það sem þeim er sett fyrir. Höfum talað um að senda á toppana hjá SA, og fara fram á að fá fólk að borðinu sem er með umboð til að taka ákvarðanir. Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 24. okt. Fundarboð um fund á mánudaginn með samninganefndum á að fara út í dag.

Það er búið að halda tvo fundi við SFS og hefur SVG verið með okkur. Þeir fóru með nýja nálgun á tímakaupið sem við voru með og ætluðu að skoða það. Það þýðir að að dagvinna yfirvélstjóra færi í 4.489 og næturvinna í 8.081. En dagvinna vélfræðings á almenna samningnum við SA er í dag 3.759 (19,4%) og yfirvinna tvö 6.791 (19%). Þeim fannst þetta ósvífið. Við bentum þeim á að það værum við sem værum með felldan samning. MNæsti fundur á mánudaginn kemur 23. Okt. Nýr sáttasemjari Ástráður Haraldsson kom í heimsókn til okkar, ásamt tveimur aðstoðarkonum, og fór yfir sína sýn á vinnubrögðum sáttasemjara. Vera minna í kvöld og næturvinnu. Var gott spjall.

Hvað ASÍ varðar þá er búið að halda einn fund með formönnum landssambanda og stærri félögum, það stóð til að halda annan en náðist ekki. Flest samtök hafa verið að funda mikið með sínu baklandi og erfitt að ná mönnum saman. Næsti fundur er á mánudaginn kemur. Þá er búið að funda tvisvar með miðstjórn, ég var fjarverandi á fyrri fundinum en Óskar hjá MATVÍS mætti. Mikið rætt en fáar niðurstöður. Ekki búið að svara hversu mikið á að vera saman við SA annars vegar og ríkið hins vegar. Einnig á eftir að svara hvernig samninganefnd ASÍ á að vera skipuð þegar talað verður við ríkið, á það að vera miðstjórn eða formenn landssambanda og stærri félaga og hversu mikið á að vera saman þar það er að segja hvaða mál eiga að vera undir. Það skýrist vonandi betur á mánudaginn.

Þá áttum við VM, RSÍ og Byggið fund með borgarstjóra um lóðir bæði ef við færum í að byggja sameiginlega blokk undir orlofsbúðir og eins ef við vildum skoða Blævar útfærsluna, það er óhagnaðardrífur leiguíbúðir fyrir félagsmenn. Hann var mjög hreinskilinn og sagði okkur að við einir og sér værum of fáir í Blævar verkefnið það þyrfti að vera á stærri skala eða við að fá fleiri í lið með okkur hvað það varðar. Hann sagði líka að borgin væri að endurskoða íbúðar þörfina og það myndi skýrast fljótlega og þá kæmi í ljós hvort og hvar væri hægt að finna stað fyrir orlofsblokk.

Fulltrúar frá VM, SSÍ og FS fóru á fund matvælaráðherra og hennar aðstoðarmanna til að ræða stöðu Verðlagsstofu skiptaverðs og bætt vinnulag þar. Rætt var t.d. um að

Verðlagsstofa fengi rafrænan aðgang að tollskýrslum. Gott spjall en engin loforð, en ráðherra er með nýtt frumvarp í smíðum sem verður lagt fram í janúar að öllum líkindum og þar væri meðal annars tekið á þessum málum.

Kjarakönnun meðal félagsmanna sem starfa í landi er hafin en hún er mikilvægur liður í kjarabaráttu félagsins. Niðurstöðurnar eru mikilvægar fyrir félagsfólk sem getur út frá þeim borið sín laun saman við laun annarra í sambærilegum störfum. Með svona könnun fáum við upplýsingar um markaðslaun. Til að niðurstöðurnar séu sem áreiðanlegastar er nauðsynlegt að sem flest taki þátt. Verðlaun eru möguleg fyrir þátttöku en fimm þátttakenda verða dregin út þegar könnunin verður yfirstaðin. Þeir munu vinna helgardvöl í orlofshúsum félagsins, utan sumar- og páska tímabila, að eigin vali.

Að lokum vil ég segja ykkur að það verður lokað frá hádegi á morgun þegar verður farið með starfsfólk í óvissufer. Óskað var eftir að félagið myndi setja reglulega inn upplýsingar á samfélagsmiðla, hvar og hvenær er verið að funda og hvort eitthvað sé að gerast. Svo félagsmenn viti að það er eitthvað í gangi.

### 3. VM – Ráðstefnur.

Kjararáðstefna VM fór fram dagana 29. og 30. september síðastliðinn á Grand Hótel, og formaður telur hana hafa heppnast vel.

Pallborðsumræður fóru fram báða daga ráðstefnunnar. Fyrri daginn voru Róbert Farestveit frá ASÍ, Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ og varaforseti ASÍ, Þorsteinn Víglundsson, fyrrverandi ráðherra og Guðmundur Kristjánsson í Brimi.

Seinni daginn voru það þingmennirnir Jóhann Páll Jóhannsson, Samfylkingunni og Vilhjálmur Árnason, Sjálfstæðisflokki og svo forseti ASÍ, Finnbjörn Hermannsson.

Þá voru haldnar málstofur og svo var hópavinna þar sem skipst var á skoðunum og áherslur fyrir komandi kjaraviðræður ræddar.

Við lok ráðstefnunnar var gestum hennar og mökum boðið til kvöldverðar á hótelinu, skemmtun og ball.

Það hefði mátt vera betri þátttaka, en það mættu tæplega 50 manns.

Einar benti á að það hefði mátt bjóða eldri félögum að koma sem áh.

### 4. Lagt fram til upplýsingar

#### a. NMF – fundur

Formaður sagði frá því að þann 3. og 4. nóv. hefðu hann og Halldór farið á fund NMF sem haldinn var í Færeyjum að þessu sinn. Einn fulltrúanna frá Noregi Odd Rune vannur mikið með Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) og ITF. IMO hefur verið að spá mikið í „Tækjabúnað, mannleg hæfni og öryggi sem skulu liggja til grundvallar umhverfisstefnu í siglingum.“ Þá er í samþykkt Alþjóðavinnuálastofnunarinnar texti um vinnuskilyrði farmanna (MLC) á sjó. Í reglu 2.7, sem fjallar um örugga mönnun skipa segir að nægilega margir skuli vera í áhöfn skips svo koma megi í veg fyrir síþreytu. Þessar reglur og fleiri sem eru í STCW samþykktinni þarf að færa yfir í STCW – F samþykktina.

Í tilkynningu frá NMF kemur meðal annars fram að til að störf á sjó verði eftirsóknarverður starfsvettvangur fyrir yngri vélstjóra er nauðsynlegt að skapa sveigjanlegri umgjörð um störf á sjó.

Undir fundinum eru svo landskýrslurnar og einnig má sjá fréttatilkynningu frá fundinum á heimasíðunni undir fréttir

- b. **Dómur í máli skipverja á Júlíusi Geirmundssyni**, var verið að dæma skipstjórnann sekan og til að borga manninum 400 þús. kr. vegna þess hvernig hann kom fram við hann en tryggingafélag skipsins á eftir að bæta honum heilsufarslega tjónið sem hann varð fyrir. Fleiri svona mál eru á leiðinni.

skipununum frá æðri toppum fá dóm.

## 5. Önnur mál

- Vitafélagið sendi beiðni um styrk til að funda, þeir funda einu sinni í mánuði og óska eftir styrk vegna kostnaðar við fundahöld. Samþykkt að styrkja þá um 100.000 kr.
- Styrkbeiðni barst, snýst um að búa til líkön af gömlu Stellunum. Búið að senda beiðni um nánari upplýsingar en þær hafa ekki borist.
- Síðast var óskað eftir að fá tölur vegna sundlaugarinnar þær koma næst.
- Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum vegna banns við hvalveiðum. Formaður dreifði tillögu að svari frá VM, las það upp og spurði hvort hann mætti senda þetta svona frá VM og var það samþykkt einróma.
- Íslandsbanki, búið er að ræða við Íslensk verðbréf varðandi fjárvörslu og það er í skoðun. Formaður og varaformaður fóru á fund Íslandsbanka. Formaður óskaði eftir að þeir fengju að koma inn á stjórnarfund og ræða við stjórnina. Varaformaður sagði frá sinni upplifun af fundinum
- Spurt var um þak á iðgjöld, hefur það verið rætt eða er búið að skoða það eitthvað. Óskar eftir að fá upplýsingar um hvað þakið er hjá þeim sem eru með þak. Er þetta eitthvað sem vil viljum skoða og hvað kostar þetta? Þetta er eitt að því sem þarf að skoða með lagabreytingunum.  
Einnig var bent á að margir gamlir vélstjórar sem eru að fara í hné eða mjaðmaaðgerðir af hverju er ekki styrkt vegna þessa. Atvinnusjúkdómur eins og heyrnin.
- Talað var um Sjómannaskólann, stýrimenn að senda ályktun eigum við ekki að gera það líka. Formaður spyr hvað hann vilji segja. Niðurstaðan var að senda ekki.

Fundi slitið 12: 20